

4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim, sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands h.f. Miðast gjaldið við mestan leyfðan flugtaksþunga flugvéla og er kr. 393.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 393.00.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarhöfn nr. 303
21. nóvember 1969.**

1. gr.

22. gr. orðist þannig:

Um hafnargjöld.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs er þau koma á Eskifjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, björgunarskip, rannsóknaskip, íslensk varðskip og vítaskip, svo og skip er leita hafnar vegna sjóskemmda.

2. gr.

23. gr. orðist þannig:

Lestagjald.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjaldþagi er 1. júlí ár hvert.

3. gr.

25. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem ársgjald í heimahöfn, kr. 160.00 af hverri brúttórúmllest.

4. gr.

30. gr. orðist þannig:

Vörugjöld.

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farni, t. d. benzin, brennsluoliur, kol, korn, salt, vikur.
- Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsoliur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðin, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt.

- Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.